

**Tuttugasti og fimmti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 28. júní 2016 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15.**

**Mættir:** Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Marianna Hugrún Helgadóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

### 1. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

#### Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Jóhann Christiansen fyrir hönd Laugaból ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri pökkunar á matjurtum í neytendaumbúðir að Laugabóli í Mosfellsbæ.  
*„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.*
- b. Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri Heilsugæslu Seltjarnarness og Vesturbæjar að Suðurströnd 12 á Seltjarnarnesi.  
*„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti“.*
- c. Jarþrúður Guðnadóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi til ferðamanna að Meðalfellsvegi 16a í Kjósarhreppi.  
*„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti“.*
- d. Steinþór Jónsson f.h. Austurströnd ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri bakarís, bakarísverslunar og kaffistofu að Austurströnd 14 á Seltjarnarnesi.  
*„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.*
- e. Þór Sigþórsson f.h. Apótek Mos ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri á lyfjabúð að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ.  
*„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.*
- f. Guðbjörg Magnúsdóttir f.h. Álafoss apartments ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri íbúðagistingar í 3 litlum íbúðum í Þrúðvangi að Álafossvegi 20 í Mosfellsbæ.  
*„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti“.*
- g. Sonja Riedman sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri á sjúkrahjálfun að Skeljatanga 20 í Mosfellsbæ.  
Heilbrigðiseftirlit samþykkti endurnýjun leyfis þann 1. júní 2016 til 12 ára.  
*„Staðfest“.*
- h. Guðrún María Finnbogadóttir f.h. Gömlu hjólabúðarinnar ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gististað í sumarhúsi að Meðalfellsvegi 14, Kjós Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 27. maí 2016.  
*„Staðfest“.*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### Tímabundin starfsleyfi megna mengunarvarna

- a. North Atlantic Mining Associates ltd. sækja um tímabundið starfsleyfi fyrir rannsóknarborunum vegna málmleitar í landi Þormóðsdals.  
*„Heilbrigðisnefnd óskar eftir umsögn Umhverfissviðs Mosfellsbæjar um umsóknina“.*

### Umsagnir fyrir veitinga og gististaði

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 18. nóvember 2015 með breytingu á teikningum 27. maí, þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir Guðrúnu Róshildi Kristinsdóttir til að reka gististað í flokki I, tegund heimagisting, að Áslandi 22b í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 27. maí 2016.  
*„Staðfest“.*
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 12. maí 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri Álafoss apartments gististað í flokki II, tegund íbúðagisting, að Álafossvegi 20 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 2. júní 2016.  
*„Staðfest“.*
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 18. mars 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri á gististað í flokki II, tegund sumarhús, að Meðalfellsvegi 14 í Kjósarhreppi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 27. maí 2016.  
*„Staðfest“.*
- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. júní 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri á gististað í flokki II, tegund sumarhús, að Meðalfellsvegi 16a í Kjósarhreppi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 14. júní 2016.  
*„Staðfest“.*

### 2. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2015, unninn af KPMG ehf. var lagður fram.  
*„Ársreikningur samþykktur“.*

### 3. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis árið 2015

Starfsskýrsla heilbrigðiseftirlits fyrir árið 2015 var lögð fram.

### 4. Þvingunarúrræðamál með vísun í samþykkt um hæsnahald í Mosfellsbæ

Lagt var fram bréf Lausna lögmannstofu dagsett 9. júní 2016 og bréf sömu aðila dagsett 20. júní 2016 til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.  
*„Heilbrigðisnefnd mun ekki afturkalla fyrri ákvörðun“.*

### 5. Mál vegna brota á hundasamþykkt.

Lögð voru fram eftirtalin gögn:

- Minnisblað Heilbrigðiseftirlits dagsett 28. júní 2016.
- Bréf Heilbrigðiseftirlits 24. júní 2016. Tilkynning um meðferð máls.
- Bréf lögreglu 6. júní 2016, Tilkynningar sem lögreglu hefur borist um málið.
- Tvær kvartanir nágranna dagsettar 10. júní og 12. júní 2016.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- Tölvupóstur dýraeftirlitsmanns MAST 15. júní 2016.
- Eftirlitsskýrslur hundaeftirlits Mosfellsbæjar 28. janúar, 25. febrúar og 16. mars 2016.

„Heilbrigðisnefnd fjallaði um málið og felur dýraeftirlitsmanni að kalla eftir aðstoð lögreglu við að fjarlægja hundinn vegna brota á hundasamþykkt Mosfellsbæjar nr. 332/1998“.

### **6. Kynning á ferð framkvæmdastjóra til Sofia í Búlgaríu vegna samstarfsverkefnisins „Adopt the river“. sem styrkt er af EEA grants.**

Framkvæmdastjóri kynnti ferð til Sofia Búlgaríu þar sem hann fylgdi eftir samstarfsverkefni við REC Bulgaria. Nánar verður gerð grein fyrir verkefninu á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins þegar því líkur í haust og einnig má lesa texta um það í ársskýrslu eftirlitsins fyrir árið 2015.

### **7. Önnur mál**

- Upplýst að framkvæmdastjóri hefur verið skipaður af Umhverfis- og auðlindaráðherra til framhaldssetu sem aðalmaður í Vatnaráði fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga til fimm ára. Vatnaráð hefur það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála.
- Lagt fram samkomulag sem heilbrigðiseftirlitið hefur gert við Mosfellsbæ og Seltjarnarnes um verkaskiptingu um álímingu á númerslausa bíla og tæki.

Fundi var slitið kl. 20:00.